



Dr. Sigrún Júlíusdóttir

Vitund og viðnám gegn ómennsku allra tíma

Samantekt af erindum frá Félagsráðgjafafingi og alþjóðadegi félagsráðgjafa 2025.

Í málstofu á Félagsráðgjafafingi 2024 andmælti ég því að klínísk félagsráðgjöf og aktívismi væru andstæður. Þetta var rökstutt nánar í Vinnusmiðju siðanefndar haustið 2024, á félagsráðgjafafingi 2025 og á alþjóðadegi félagsráðgjafa 2025, m.a. með vísun til tvenndarhyggju og þess hvernig hugsunin annaðhvort eða er hindrun í félagsráðgjöf. Með henni gleymum við sam tengingu fræða og fags, vettvangsstarfs og rannsókna, meðferðarstarfs og aktívisma. Heildarsýn varðar það hvernig við sjáum hlutina en heildarhyggja hvernig við hugsum og bregðumst við.

Félagsráðgjöf í takt við samfélagsaðstæður felur í sér tengingu við þá hugmyndafræði félagsráðgjafa að vera í takt við samfélagsaðstæður og þarfir skjólstaðinga ólíkra tíma og lífsskilyrða og að tengja við siðfræði fagsins um samhygd og samskilning gagnvart skjólstaðingum á einu plani og um viðnám gegn ytri ógnum og áhrifaöldum á öðru plani. Hvort tveggja

snýst um að forða firringu gagnvart mennsku. Hluti af þessu er að tækni, flýti og rafrænni menningu okkar tíma fylgir umturnun mannlegs lífs og samskipta. Einmitt þetta kallar á nám sem býr félagsráðgjafa undir að mæta framandi fjölbreytileika, nýjum áhrifaöflum markaðshyggju og afkastaáherslu á ógnandi tímum– án skaða eigin sjálfs og fagheilsu. Með heildarhyggju í stað tvenndarhyggju má mæta aðstæðunum með þekkingu, fagstyrk og gagnrýninni hugsun og vinna þannig gegn hlýðni og meðvirkni handbendis- og hamsturshegðunar.

Klínískt starf og aktívismi snúast um ábyrgð og er það sameiginlegt að axla ábyrgð fyrir einstaklinginn, fagið og samfélagið. Þetta er í takt við aðalsmerki frumkvöðuls okkar, Ólafíu Jóhannsdóttur; hún var allt í senn umbótasinni, samfélagsrýnir, aktívisti og klíníker. Hún er öflug fyrirmynd sem beitti sér jafnt fyrir heilsu og velferð einstaklinga og fyrir kven-

réttindum, félagslegu réttlæti og samfélagsumbótum. Hún var skarpur penni og innblásinn ræðumaður sem miðlaði sannfæringu sinni og innsæi á heimspekilegum siðfræðigrunni, með samfélagslegri ábyrgðarvitund í verki og einlægri samstöðu með fátæku fólki og jaðarsettum einstaklingum. Ólafía lét ekki þrengjandi tvenndarhyggju víkja sér af leið.

Lýsingarorðið klínískur, sbr. klínískt starf, er dregið af gríska orðinu kline, (sjúkra)rúm. Klínískt starf snýst um meðferðarvinnu með fólki með geðrænan, líkamlegan eða sálfélagslegan vanda, reynslu áfalla, sorgar eða missis. Það getur verið stuðningur, inngrip eða aðgerð inn á við, oft með ívafi fræðslu og forvarna út á við, í þágu einstaklinga, fjölskyldna og hópa. Merking orðsins vísar til hjálpar og stuðnings í öruggum tengslum gegnum persónulegt samtal og samstarf (Kenneth Gergen, 1999). Klínískt starf getur leitt til djúpstæðra breytinga í einkalífi

fólks, til betri líðanar og aukins þroska og skapað forsendur fyrir sjálfbærni í eigin lífi og samfélagsvirkni.

Dæmi um þetta í dag eru ógrynni veftilboða sérfræðinga (m.a. PESI & Psychotherapy Networker) um klínísk námskeið, handleiðslu og þjálfun fyrir bæði fagfólk og skjólstæðinga til þess að öðlast samhengisskilning og ráða þannig betur við ógnir og áskoranir samtímans, nýjar kröfur, álag, og úrræðaskort. Þetta eru bæði ógnir sem birtast með persónulegum vanlíðanareinkennum, svo sem fælni, kvíða, neyslu, sjálfseyðileggingu eða einangrun og með einkennum starfs-tengds álags og örmögnunar.

Sjálfsvernd með „Different self-care“: Kulnun og örmögnun hrellir bæði skjólstæðinga og fagfólk og svarið er ekki aðeins sjálfsvernd inn á við heldur þarf öðruvísi, ábyrga sjálfsvernd út frá umgjörðinni, innviðum stofnunar og forsendum sem fagfólki eru settar. Hún byggist á heildarhyggju, m.a. með útvíkkaðri handleiðslu til innsæis, vitundarvakningar og samhengisskilnings. Öðruvísi sjálfsvernd er andstæða sjálfsdekurs, doða eða sefjunar til að geta „mætt hressari til leiks á vinnustað“, eins og Zizek, slavneskur samfélagsrýnir, orðar það í greiningu sinni á markaðsvæðingu sjálfsdekurs og á stöðu velferðarstarfsfólks. Í þessu felst að geta greint hver er hinn raunverulegi óvinur. Og svarið er: óvinurinn er sjálfar aðstæðurnar sem við tökum þátt í að viðhalda því að „the game is the enemy“ en ekki „þú sjálf/ur“, sbr. kafla Björns Þorsteinsonar (2019). „Skrýmslið sem við er að eiga“, í bókinni *Af neista verður glóð*.

Aktívismi í velferðarþjónustu er annar vinkill klíníks starfs með þátttöku í tilraunaverkefnum og þróunarstarfi á vettvangi – til umbóta, laga-breytinga, þróunar sannreynra

aðferða og forvarna til eigin valdeflingar og í þágu skjólstæðinga. Þessi vinkill beinist að breytingum á „makró-plani“ til stefnumótunar, lagasmíðar og úrræðaþróunar til hagsbóta fyrir skjólstæðinga og almannaheilla. Þetta er þáttur í samhengismiðaðri nálgun og heildarhyggju með tengingu út á við, út fyrir boxið. Virknin nær bæði inn á við og út á við, oft á götum úti við stjórnvaldsstofnanir, stundum sem mæting á opinbera samstöðufundi gegn misrétti og ófriði, eða mót-mælagöngur gegn glórulausu hatri og valdaátökum, sbr. opinbert ákall okkar félagsráðgjafa um frið. Einnig eru undirskriftasafnanir og beitt skrif á opinberum vettvangi öflugt áhrifataeki. Munum penna Ólafíu, munum skrif Salmans Rushdie og Noams Chomsky (1999) um að aktívismi tengist alþjóðahyggju, mannréttindum og mennsku. Chomsky skrifar: „Aktívistar vinna að því að gera heiminn í heild hamingjusamari, betri stað til að vera á, draga úr vonsku, átökum um græðgi og samkeppni og stuðla að því að sem flestir geti notið sín og þroskast án þess að þurfa að þola niðurlægingu og kúgun“ og hann bætir við að menntað fólk, sérfræðingar og fagfólk beri sérstaka ábyrgð á að miðla þekkingu sinni og beita sér til valdeflingar almennings, fagfólks og sérstakra hópa.

Í þessu speglast sú sýn að sjá faglegt, klínískt starf og aktívisma sem tvær víddir í sama landslagi mannhyggju og velferðar.

Lífsgildi, fræðastarf og þekking eru birtingarform breytingarafis fagfólks um gildi frelsis og mennsku, virkjuð í mannúðar- og mannréttindasamtökum, starfsemi og gjörningum sem tengja faglega siðvitund, hjálparstarf og aktívisma: Læknar án landamæra; Samtök um kvennaathvarf; Kvennaráðgjöf, Kvennaverkfall; Konur gegn

stríði; Siðmennt; Lífsvirðing, Amnesty; Barnaheill og fleiri.

Valdaátök, tækniþróun og siðagrúnnur félagsráðgjafar tengjast á öld gervigreindar og á alþjóðadegi félagsráðgjafa 2025 spyrjum við okkur: hvernig geta einstaklingar, hópar, fræðafólk og fagstéttir axlað ábyrgð, höndlað sjálf þessa gjörbreyttu tíma og verið skjólstæðingum sínum, fjölskyldum, þörum, öldnum og ungu fólki fyrirmynd og hjálp? Með umbreytingu á námi til starfsréttinda geta félagsráðgjafar mætt breyttum aðstæðum með öðruvísi þekkingu, fagstyrk og gagnrýninni hugsun gegn hvers konar firringu og velferðarvá. Þannig geta þeir hjálpað skjólstæðingum að ráða við freistingar töfraheima tækninnar, að geta sett mörk og forgangsraðað í þágu eigin hamingju og heilsu. Þetta snýst m.a. um að halda vöku sinni og fylgjast grannt með pólitískri framvindu, nær og fjær, í anda heildarhyggju: þ.e. að beina sjónaukanum ekki bara að trjánum, að einstaklingsaðstæðum, heldur líka hinu alþjóðlega pólitíska landslagi. Viðhorf okkar og fagfærni sem varðar daglegt líf almennings og velferð skjólstæðinga okkar beinist að því að því að vera í takt við samfélagsaðstæður og þarfir skjólstæðinga, tengja við siðfræði fagsins og spyrna gegn hvers konar valdi, vernda gildi mennsku gegn firring. Þá þurfum við að þekkja og horfast í augu við nýjar ógnanir, rækta með okkur samliðan og virka samstöðu með hópum og þjóðarheildum sem eiga í vök að verjast.

Háþróuð tækni, hraði og stafræn menning okkar tíma skapar óendanlega möguleika en felur um leið í sér sviptingar í mannlegu lífi og samskiptum. Hér þurfa félagsráðgjafar að vera með á nótunum en ekki fjargviðrast yfir flóknum og framandlegum áhrifaöflum heldur þekkja þau og kunna á allt það flókna völuðarhús.